

Frístundamiðstöðin Miðberg

Starfsáætlun 2022 – 2023



Starfsáætlun 2022-2023

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Skipurit Miðbergs	5
Hlutverk og gildi Miðbergs.....	6
Stutt greinargerð stjórnendateymis	8
Próunarverkefni og áherslur starfsársins.....	23
Önnur samstarfsverkefni:.....	23
Mannréttindastefna	24

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2022-2023 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Tekið er mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglunga í Reykjavík. Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári, hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrki næsta starfsárs.


Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2022 og gildir til 31. ágúst 2023 og er hægt að nálgast hana á heimasíðu Miðbergs. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins. Hjá Miðbergi starfa um 130 starfsmenn og af þeim eru 30 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sex frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar auk stjórnendateymis frístundamiðstöðvarinnar. Stjórnendateymi Miðbergs eru eftirfarandi; Helgi Eiríksson, Krístrún Lilja Daðadóttir, Herdís Snorradóttir, Hlynur Einarsson og Óttar Möller. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, bakgrunn og reynslu. Verkefni starfsfólksins eru margvísleg og krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum frá 6 – 16 ára standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Starfið styður við félagsþroska og vináttuþjálfun í gegnum frjálsan leik, skapandi smiðjur og klúbba. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva Miðbergs með skapandi viðburðum eins og Breiðholt got talent, kvikmynda- og leiklistarhátíð, hrekkjavöku og þátttöku í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur.

Miðberg er virkt í ýmsum samstarfsverkefnum í Breiðholti með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilar eru Suðurmíðstöð, grunnskólar, leikskólar og íþrótt- og félagasamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2022-2023 er að auka framboð af fjölbreyttu hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður aukin áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefnum heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglíngum.

Skipurit Miðbergs



Mynd 1: Skipurit Frístundamiðstöðin Miðberg

Hlutverk og gildi Miðbergs

Hlutverk Miðbergs

- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímapjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Leiðarljós í frístundastarfi

- Virk þátttaka
- Reynslunám
- Lýðræði
- Mannréttindi
- Forvarnarstarf

Gildi Miðbergs

Virðing

- Mannréttindi, jafnrétti og lýðræði eru hornsteinar í öllu okkar starfi. Við sýnum virðingu og vinnum saman af metnaði að faglegu starfi og forvörnum.

Gleði

- Við nálgumst viðfangsefni okkar með gleði, væntumþykju og jákvæðni að leiðarljósi. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.

Frelsi

- Hjá okkur fær einstaklingurinn frelsi til að skapa og taka þátt í leik og starfi á sínum forsendum. Fögnum fjölbreytileikanum.

Uppeldisgildi frístundastarfs

- Forvarnargildi
- Menntunargildi
- Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

- Sjálfsmynd
- Umhyggja
- Félagsfærni
- Virkni og þátttaka

Megináherslur

Menntastefna:

- ✓ Félagssfærni
- ✓ Sjálfsþekking
- ✓ Læsi
- ✓ Sköpun
- ✓ Heilbrigði

Frístundastefna:

- ✓ Fjölbreytt og skemmtilegt
- ✓ Virk þátttaka
- ✓ Jöfnuður
- ✓ Forvarnir og lýðheilsa
- ✓ Fagmennska

Starfsskrá frístundamiðstöðva:

- ✓ Sjálfmynd
- ✓ Umhyggja
- ✓ Félagssfærni
- ✓ Virkni og þátttaka

Verkefnið Betri borg fyrir börn:

- ✓ Bæta þjónusta og nýtingu fjármagns
- ✓ Þéttara samstarf
- ✓ Þjónustuna nær skólaumhverfi
- ✓ Snemmtæk íhlutun
- ✓ Styðja betur við starfsfólk
- ✓ Stjórnun stofnana nær vettvangi

Stutt greinargerð stjórnendateymis

Mikil áhersla var lögð á að hlúa vel að starfsfólki vegna álags á tímum covid á árinu. Einnig var og er fylgst vel með líðan barna og unglinga þar sem miklar takmarkanir voru í starfi sem höfðu áhrifin á samfélagið í heild sinni.

Unnið var í að festa í sessi áherslur menntastefnu Reykjavíkurborgar. Margs konar framsækin og skemmtileg verkefni urðu til í gegnum A-hluta styrki þróunarsjóðs menntastefnunnar og tvö verkefni í B hluta fengu áframhaldandi styrki. Frístundamiðstöðin fékk Regnbogavottun eftir fræðslu með öllu starfsfólki og verður unnið með það í öllu okkar starfi. Þá eru allir starfsstaðir að vinna með grænu skrefin sem gengur út á að gera alla okkar starfsemi umhverfisvænni.

Mikil þátttaka og ánægja er með starfið sem endurspegladist í mikilli þátttöku og ánægju úr könnunum.

Frístundaheimilin

Veturinn 2021-2022 var krefjandi í starfi frístundaheimila vegna manneklu og takmarkanna vegna Covid. Ráðningar byrjuðu vel en það tók langan tíma að fullmanna öll frístundaheimili og bjóða öllum börnum pláss sem voru á biðlista.

Haustið byrjaði líka með takmörkunum í starfi sem hafði áhrif á húsnæðismál, starfsmannamál, allt innra starf og foreldrasamstarf svo eitthvað sé nefnt. Húsnæðismálin voru misgóð og þurftu sumir barnahópar sífellt að vera að flakka á milli í misgott húsnæði sem flest hentaði frístundastarfi illa. Stjórnendur og

starfsfólk stóð sig vel í þessum erfiðu aðstæðum og fann leiðir til þess að láta hressingarmálin ganga upp og halda börnunum við ýmis konar verkefni og frjálsan leik. Útileikir voru mikið nýttir þegar veður leyfði.

Frístundaheimili hafa ávallt verið í miklu samstarfi og unnið saman að verkefnum sem og að mörgum sameiginlegum viðburðum sem hafa verið vinsælir hjá börnunum og foreldrum Allir gerðu sitt besta til að æfa fyrir leikrit, halda kvikmyndasmiðjum í gangi og skipuleggja Breiðholt got talent en hópaskiptingar höfðu áhrif og þurfti því að færa viðburði til og breyta. Leiklistahátíðir voru haldnar í beinu streymi svo að foreldrar og önnur börn gætu fylgst með. Hin hefðbundna kvikmyndahátíð féll niður þar sem ekki náðist að halda smiðjunum gangandi vegna hópaskiptinga og takmarkanna sem komu í veg fyrir hefðbundnar upptökur. Þess í stað var klárað með upptökum og klippingum með ípad og þátttakendur fengu að sjá afraksturinn á tjaldi þó ekki væri í kvikmyndahúsi. Breiðholt got Talent var frestað um tvo mánuði og rétt náðist að vera með viðburðinn með foreldrum í húsi þó færri áhorfendur væru en venjulega.

Innra starfið var háð húsnæðiskosti hverju sinni og var mikið um spil, perla, frjálsan leik og útveru. Það voru þó vinsælir klúbbar inn á milli eins og pennavinna- og bakstursklúbbar.

Listasmiðja á hjólum var A-hluta þróunarstyrksverkefni sem hófst haustið 2021. Þar var Tanja Ósk verkefnastýra listsmiðjunnar að fara á milli frístundaheimila með verkefni sem kallaðist Álfaborgin. Tanja vann með hugarflæði og hvatti börnin til sköpunar og hugsa út fyrir boxið, vera óhrædd við að gera tilraunir með liti og efni. Börnin á hverju frístundaheimili fönnduðu skemmtileg álfahús sem mynduðu sex álfaborgir. Verkefnið var gífurlega vinsælt og náði Tanja að fara á milli mest allan veturinn og klára verkefnið fyrir apríl 2022 en þá var Álfaborgin til sýnis á Barnameningarhátíð í sal Fella-og Hólakirkju þar sem börn, foreldrar og áhugasamir gátu heimsótt sýninguna. Sýningin var einnig tekin upp í þrívídd og búin til myndasýning sem var deilt með foreldrum í gegnum tölvupóst.

Þegar voraði var flestum takmörkunum létt og var gleði við völd þegar vorhátíðir voru haldnar á öllum starfsstöðum og stundum í samstarfi við skóla. Boðið var upp á t.d. hoppukastala, grillaðar pylsur og voru foreldrar loks velkomnir á frístundaheimilin aftur.

Sumarið gekk almennt vel og að venju var boðið upp á þematengda dagskrá. Veður var frekar grátt og svalt en það kom ekki í veg fyrir að hægt væri að halda úti þeirri dagskrá sem lagt var upp með og nutu börnin sín vel í starfi og frelsinu sem sumarið bauð upp á.

Það mynduðust fljótt biðlistar á öll námskeið og þurfti að ráða inn starfsfólk rétt fyrir sumar og náðist að minnka biðlista en þó fengu ekki öll börn pláss sem vildu. Eins og áður stóðu stjórnendur og starfsfólk sig vel í að leysa úr krefjandi aðstæðum en fólk fór mjög þreytt inn í sumarið og sumarfrí voru kærkomin.

Félagsmiðstöðvar

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna hefur verið mjög góð. Mikil áhersla er lögð á unglíngalýðræði í öllu starfi félagsmiðstöðvanna og er dagskrárgerð í höndum unglínganna. Reglulega eru haldnir opnir stórfundir þar sem öllum unglíngum gefst kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Þá gefst þeim einnig kostur á að senda inn hugmyndir sínar að dagskrárlíðum í gegnum samfélagsmiðla. Unglíngarnir eru hvattir til þess að fylgja sínum hugmyndum úr hlaði og þannig öðlast þau reynslu í viðburðarstjórnun í gegnum óformlegt nám félagsmiðstöðvastarfsins. Starfsfólk situr einnig fundi nemendaráða skólanna og á í góðu og nánu samstarfi við félagsstarfskennara skólanna.

Félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í þeim viðburðum sem haldnir voru á vegum Samfés, samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa og síðasta starfsári. Flestum viðburðum samtakanna var frestað eftir að covid19 faraldurinn sótti í sig veðrið undir lok árs. Starfsmenn þurftu að sýna mikla útsjónarsemi til að bregðast við faraldrinum og leitað var allra leiða til þess að geta boðið upp á eins óskerta starfsemi og mögulegt var. Hólfaskiptingar urðu aftur veruleiki sem unglíngarnir

þurftu að sætta sig við. Starfsfólk jók sýnileika félagmiðstöðvarinnar á samfélagsmiðlum til muna og reyndi að miðla jákvæðu og uppbyggilegu efni til unglिंगanna, auk þess að vera í samskiptum við þau, hvetja til þátttöku og styðja og styrkja í gegnum faraldurinn. Eftir að samkomutakmörkunum var aflétt fór starfið á fullt, mætingin í félagsmiðstöðvarnar var mjög góð og í nógu að snúast við að láta alla viðburði sem hafði verið frestað verða að veruleika. Náttfatanótt, 8. bekkjarferð, Breiðholt got Talent, skíðaferð og fleiri fastir viðburðir voru haldnir, annaðhvort fyrir covid bylgjuna eða eftir hana. Mætingin og þátttakan var frábær.

Félagsmiðstöðvarnar Hundraðogellefu og Hólmasel héldu úti sérstökum opnunum fyrir 10. bekk á fimmtudögum. Þær gengu ágætlega en tekin hefur verið sú ákvörðun um að hafa þær nú einu sinni í mánuði. Lögð verður sérstök áhersla á að auka starf fyrir hinsegin unglिंगa og þá sem hafa áhuga á hinsegin málefnum. Til stendur að opna á fimmtudagskvöldum í Kleifarseli (húsnæði Hellisins) fyrir hinsegin unglिंगa.

Við upphaf vetrarstarfsins gekk tíu12 ára starfið vel. Covid takmarkanir höfðu mikil áhrif á það, illa gekk að koma skilaboðum til barnanna með hvenær væri opið fyrir þeirra bekk eða árgang, allt eftir því hvernig takmarkanir voru hverju sinni. Þrátt fyrir mentor póst sendinga til foreldra og samstarf við kennara skólana virtust börnin ekki mæta. Starfið komst á meira flug eftir að takmörkunum lauk en þó komst það ekki almennilega á flug þennan veturinn.

Sumarstarf

Við vorum með fjóra sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Tveir hópar fyrir unglिंगa í 8. bekk og tveir hópar fyrir unglिंगa í 9. bekk. Unnið er markvisst að sjálfseflingu unglिंगana og lagt upp með að allir unglिंगar sem eru með sérstakan stuðning í félagsmiðstöðvastarfi séu þátttakendur í hópastarfinu. Í lok júní var farið með rúmlega 100 unglिंगa í útilegu sem gekk mjög vel. Tíu12 ára starfið gekk mjög vel og fullbókað flesta daga. Börnin höfðu val á að mæta í allar félagsmiðstöðvarinnar og starfið stóð yfir í 6 vikur.

Kennsla

Forstöðumenn, aðstoðarforstöðumenn og frístundaráðgjafar sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfsefningu í unglingadeildum í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla. Þá voru þau með kynfræðslu fyrir 7.-10. bekk í Seljaskóla og Ölduselsskóla. Hópastarfið hjá okkur gekk vel, sérstaklega þegar það var í formi kennslu á skólatíma. Starfsmenn okkar kenna t.d. rafíþróttir, nördaval og borðtennis og pool val. Dungeon and dragons er enn einn vinsælasti klúbburinn. Í vor var haldið úti útivistarklúbb þvert á félagsmiðstöðvarnar. Þátttakan var góð og náðu starfsmenn góðri tengingu við unglingana í hópnum. Áframhald verður á útivistarklúbbnum næsta vor. Mjög góð samvinna hefur verið við alla skólastjórnendur, félagsstarfskennara og námsráðgjafa í Breiðholti. Við sjáum um valáfanga fyrir Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla.

Ungmennaráð

Ungmennaráð Breiðholts samanstendur af 6 virkum þátttakendum. Ráðið hefur fundað tvisvar í mánuði í vetur í öllum félagsmiðstöðvum. Einnig voru eitthvað af fundunum haldnir á fjarfundaformi út af Covid-19 takmörkunum. Fundirnir hjá ráðinu hafa verið nýttir í að skipta niður hinum ýmsu verkefnum, en einnig til að kynna og spjalla um þau málefni sem ráðið hefur áhuga. Í ár hefur ráðið haft mikinn áhuga á hinseginmálefnum, og brennur fyrir að gera Breiðholtið að hinseginvænna hverfi. Meðal verkefna sem ungmennaráðið tók þátt í á árinu var að senda tillögur inn í Hverfið mitt verkefnið, viðvera á hinum ýmsu fundum eins og "Öll í sama liði", íbúaráðsfundum og fleira. Einnig var haldinn starfsdagur með ráðinu á haustönn, þar sem var tekinn heill dagur í að funda og kynna, og síðan endað á að fara í keilu með hópinn. Ráðið á tvo fulltrúa í Reykjavíkurráðinu og okkar tillaga til borgarstjórnar í ár var að gera grunnskóla Reykjavíkur að kynlausu umhverfi til að huga betur að einstaklingum sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar.

Hellirinn

Í Hellinum, sértækri félagmiðstöð, gekk starfsárið á heildina litið mjög vel. Enn og aftur var aukning í fjölda þátttakenda milli ára og gekk ágætlega að ráða inn starfsmenn en var félagsmiðstöðin þó aldrei fullmönnuð og sumir þátttakenda voru í hlutavistun vel fram á vorið.

Félagsmiðstöðvarnar fjórar voru áfram í góðu samstarfi sín á milli og var hægt að setja meiri áherslu á að kynna þátttakendur í Hellinum fyrir opnu félagsmiðstöðvastarfi eins og fyrir Covid-19. Hellirinn hélt áfram að vera í góðu samstarfi við ÍR og fékk afnot af íþróttasal á þeirra vegum tvisvar í viku allt skólaárið sem var virkilega vinsæll dagskrárliður hjá þátttakendum. Sumarið gekk einnig mjög vel og jókst þátttaka á sumarnámskeið Hellisins í takt við stækkandi þátttakendahóp. Allir unglingar Hellisins kusu að hafa Hellinn sem sína starfsstöð í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur.

Hvatningaverðlaun

Senter fékk hvatningarverðlaun skóla og frístundaráðs 2021 fyrir frístundastarf. Félagsmiðstöðin Bakkinn fékk verðlaun sem hástökkvarar ársins í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og Félagsmiðstöðin Hundrað&ellefu fékk verðlaun fyrir að vera fyrirmyndarstarfsstaður.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun sameyki og gallup-Stofnun ársins	Netkönnun	Starfsmenn	Hástökkvarar ársins og 4 sæti í heildina. Starfsandi 4,60/5 Jafnrétti 4,69/5 Launakjör 3,47/5 Vinnuskilyrði 4/5
Ungt fólk 2022 Rannsókn og greining.	Spurningarlisti til unglunga í 8-10 bekk.	Unglingar 8. – 10. bekkur	Áskoranir: Líðan, svefn og félagsleg einangrun unglunga. Styrkleikar: Ánægja með mætingu í félagsmiðstöðvar Miðbergs
Sumarstarfskönnun frístundaheimila	Netkönnun	Foreldrar	Ánægja með dagskrá 95% Ánægja með starfsfólk 88% Fjölbreytt dagskrá 95%
Félagsmiðstöðvarkönnun	Spurningarlistar til foreldra	Foreldrar barna 10 – 16 ára	Bæta upplýsingaflæði (4,16/5)

			<p>Pátttaka yfir meðallagi</p> <p>Jákvæð félagsleg áhrif (4,25/5)</p>
<p>Starfsmannakönnun</p> <p>Reykjavíkurborgar</p>	<p>Starfsmannakönnun</p>	<p>Starfsmenn Miðbergs</p>	<p>Meðaltal allra þátta hækkar milli ár</p> <p>Upplýsingaflæði þarf að bæta</p> <p>Móttaka nýliða þarf að bæta</p> <p>Áreiti frá þjónustuþegum</p>
<p>Viðhorfskönnun</p> <p>sértækra</p> <p>félagsmiðstöðva</p>	<p>Netkönnun</p>	<p>Foreldrar barna 10 – 16 ára</p>	<p>Jákvæð félagsleg áhrif 4,5/5</p> <p>Viðmót starfsmanna 4,6/5</p> <p>Einelti milli þjónustuþega 3/14</p> <p>Ánægja með síðdegishressingu 3,91/5</p>

Áskoranir, markmið og aðgerðir

1. Frístundastarf – frístundaheimili							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Kvikmyndasmiðja Handrit, leiklist og upptökur renna saman í gerð stuttmyndar. Læsi, sköpun, sjálfsefling	Börnin gera handrit af stuttmynd. Taka síðan myndina upp, leika í henni og leikstýra undir handleiðslu leiðbeinanda.	Leiðbeinandi ásamt forstöðumönnum 3.-4. bekkjar	13.9.22	31.1.23	Verkefnið endar með kvikmyndahátíð.	Að kvikmyndahátíðin verði á áætlun með þremur fullgerðum stuttmyndum.
Fjölbreytt og skemmtilegt	Galdraheimar Heimur Hogwarts vaknar til lífins Læsi, heilsuefling, sköpun og sjálfsefling	Börnin taka þátt í fjölbreyttum smiðjum sem tengjast Harry Potter bókinni. Quidditch, heimavistarpróf, galdrasprotar og seyði.	Aðstoðarforstöðumenn	5.01.23	12.03.23	Þátttaka og virkni barna í smiðjum	Myndir, fönður og sýning fyrir foreldra og börn.
Sköpun	Skuggaleikhús Leikið með ljós og skugga Sköpun, virk þátttaka, læsi, samvinna	Skuggaleikhús gefur börnum tækifæri á að nota ímyndunaraflið og	Aðstoðarforstöðumenn	27.10.22	8.12.22	Þátttaka og virkni barna í smiðjum	Sýning á upptöku á skuggaleikhúsi á foreldrakaffi í desember.

		getur nýst mörgum sem gott tjáningarform					
Sköpun	Minni læti, meiri kæti Sköpun á listaverkum með notagildi. Samvinna, virk þátttaka, sköpun, heilbrigði, félagsfærni	Leiðbeinandi fer á milli starfsstaða að búa til með börnunum hljóðdempandi listaverk	Leiðbeinandi ásamt forstöðumönnum	12.9.22	18.4.23	Metið með tilbúnum verkum barna	Sýning á barna og menningarhátíð með tilbúnum verkum barnanna
Sköpun	Litla lagið mitt Lærum saman á Ukulele Virk þátttaka, sköpun, læsi, sjálfsefning	Skemmtileg tónlistarsmiðja þar sem börnin læra á ukulele	Leiðbeinandi ásamt Kára og Inga	Sept 2022	Maí 2023	Að þátttakendur geti spilað eitt lítið lag í lok verkefnis	Að þátttakendur þekki 4 grip og fái áhuga á hljóðfæraleik
Virk þátttaka	Betra umhverfi Endurnýta, endurvinnna og nota minna. Heilbrigði, samvinna, forvarnir, sköpun	Lærum að endurvinnna og endurnýta ásamt því að fræðast um loftslagsbreytingar	Aðstoðarforstöðumenn	13.apríl	20. maí	Börnin verði meðvituð áhrif okkar á loftslagið	Börnin hugsu betur um umhverfið og byrji að flokka, sýning á listaverkum úr rusli
Félagsfærni	Hópleikir og vinátta Eflum vináttu og gleði með leikjum. Forvarnir, þátttaka, félagsfærni	Lærum nýja og gamla hópleiki sem hægt er að stunda inni og úti. Styrkjum vináttubönd og gefum pláss.	Aðstoðarmenn	8.sept	20. okt	Þátttaka barna í leikjum og ný vinasambönd myndist.	Allir kunna nýja leiki og ný vinasambönd hafa myndast. Myndir teknar og sýndar foreldrum.

		Vináttustaur til að passa upp á að enginn sé einn eða aðgerðarlaus.					
Jöfnuður	Ráðgjafaproskajálfi Tækifæri fyrir alla Sjálfsefling, félagsfærni	Reglulegar heimsóknir á frístundaheimili auk handleiðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk	Ráðgjafaproskajálfi og deildastjóri barnastarfs	Allt árið	Allt árið	Einstaklingsáætlanir	Aukin félagsfærni og þátttaka í starfi.
Sjálfsefling	Kýlum á það Beislum orkuna á jákvæðan hátt Sjálfsefling, heilbrigði, forvarnir	Börnum sem þurfa/vilja gefst tækifæri að fá útrás fyrir orku á jákvæðan og öruggan hátt.	Forstöðumenn	Okt	Maí	Börn læri að beina reiði og vanlíðan í gegnum hreyfingu	Bætt líðan, bætt hegðun
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Grænir fingur Endurvinnsla, sköpun, ræktun og uppskera. Sköpun, heilbrigði, samvinna, forvarnir	Börnin rækta sitt eigið grænmeti í endurunnum ílátum sem þau hafa skreytt sem og í ræktunarkössum.	Aðstoðarforstöðumenn	mars	Maí	Börnin uppskeri og bragði sitt eigið grænmeti.	Börnin læra um heilbrigði og hvaðan maturinn kemur. Hvernig er hægt að nýta ílát sem falla til á frístundaheimilinu.

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Kvikmyndasmiðja	Setja saman og klippa myndbönd af viðburðum	Kvikmyndastjóri	Sep 22	Maí 23		Að myndbönd birtist á samfélagsmiðlum og heimasíðu Miðbergs
Fagmennska	Náms og kynnisferð erlendis	Stjórnendur Miðbergs kynna sér fagstarf erlendis	Deildarstjórar og framkvæmdastjóri	23. febrúar	26. febrúar	Heimsækjum frístundastarf erlendis og kynnum okkur nýjar og ólíkar starfsaðferðir	Ferðin var farin og þekking sótt.
	Mánaðarleg fræðsluerindi fyrir starfsfólk barnastarfs	Mismunandi fræðsla einu sinni í mánuði	Deildarstjóri barnastarfs	September	Maí	Allt starfsfólk sitji fjölbreyttar fræðslur og taki þátt	Aukin þekking sem nýtist í starfi
	Regnbogavottun	Framfylgja áætlun og því verklagi sem vottunin felur í sér	Framkvæmdastjóri	Allt árið	Allt árið	Allt starfsfólk sitji hinsegin fræðslu og starfshættir lagaðir að vottuninni	Að unnið sé samkvæmt viðmiðum regnbogavottunarinnar.
	Grænu skrefin	Framfylgja verklagi	Forstöðumenn	Allt árið	Allt árið	Aðgerðir kláraðar	Vottað af fulltrúa grænna skrefa
	Upplýsingaflæði til foreldra	Upplýsingar um starfið á fleiri tungumálum	Deildarstjórar barna – og unglingastarfs	Allt árið	Allt árið	Kannanir	Aukin ánægja foreldra

	Gátlistar menntastefnu	Fylgja eftir gátlistum	Stjórnendur Miðbergs	Allt árið	Allt árið	Gátlistar	Listar útfylltir inná menntastefna.is
	Einstaklingsáætlanir	Ráðgjöf varðandi einstaklingsáætlanir	Ráðgjafaproskajálfi	Allt árið	Allt árið	Starfsstaðir heimsóttir og ráðgjöf veitt í málefnum barna og unglunga	Bætt líðan, aukin félagsfærni

1. Frístundastarf - Unglingastarf

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast							
Fjölbreytt og skemmtilegt	Virkja unglunga til að láta rödd sína heyrast á skapandi og skemmtilegan hátt.	Hlaðvarp	Forstöðumen n og tæknistjóri	Sept 2022	júní 2023	Virk þátttaka barna	Hlaðvarpsþættir
Sköpun	Virkja unglunga til að læra undirstöðuatriði í hönnun og förðun.	Fatahönnun og förðun	Aðstoðarfors töðumenn	Sept 2022	feb 2023	Þátttaka	Taka þátt í Stíl

Virktaka	Íþróttaoþnarnir án áherslu á keppni	Íþróttaklúbbur	Frístundategill og forstöðumen	Okt 2022	Júní 2023	Þátttaka	Virktaka þátttakendur til að hreyfa sig og að taka þátt í alls konar íþróttum.
	Styðja óvirka einstaklinga sem sýna áhættuhegðun til skipulagðar tómstundaiðkunar.	Jákvætt viðhorf, líkamsrækt eða sköpun.	Forstöðumaður og frístundategill	Okt 2022	Júní 2023	Virktaka og jákvæð samskipti þeirra sem á þurfa að halda.	Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi utan félagsmiðstöðva t.d. Björgunarsveit, Mjólnir, listnám.
Félagsferni	Virktaka félagslega einangraða	Rafíþróttaver, hlutverkaspil og D&D klúbbur.	Deildarstjóri og forstöðumen	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Virktaka markhópa	Þátttakendur verði virkir í félagsmiðstöð.
Sjálfsfling	Hópastarf fyrir unglinga með stuðning og aðra sem þurfa sjálfstyrkingu.	Sumarhópar	Forstöðumen	Apríl 2023	Sept 2023	Virktaka einstaklinga og mæting þeirra	Könnun þátttakenda fyrir og eftir hópastarf.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Regluleg fræðsla og þemavikur tengdar hinsegin málefnum, umhverfismálum og kynfræðslu.	Fræðsla í skólum og félagsmiðstöðvum	Forstöðumen	Sep. 2022	Júní 2023	Þátttaka barna í fræðslunni	Þátttaka í fræðslum og þemavikum. Farið verður með fræðslur í alla 8.bekki í Breiðholti og fleiri árganga þar sem það á við.
	Kynna hópnun fyrir undirstöðuatriði útivistar með tilliti til	Útivistarklúbbur	Forstöðumen	Jan 2023	Jún 2023	Þátttaka í klúbbnum	Fjöldi viðburða klúbbsins og áhugi þátttakenda

	göngu, útiveru, útieldun og fleira.						
Látum draumana rætast	Stofna Hinsegin félagsmiðstöð. Virkja hinsegin ungmenni og ungmenni með áhuga á hinsegin málefnum til þátttöku.	Opnum Hinsegin félagsmiðstöð einu sinni í viku	Forstöðumen n og aðstoðarforst öðumenn	Okt 2022	Júlí 2023	Mæting og þátttaka í Hinsegin félagsmiðstöðinni.	Þátttaka í starfinu og aukin samstaða.
Jöfnuður	Að öll hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í viðburðum og ferðum óháð félagslegri stöðu.	Halda kostnaði í lágmarki og aðstoð við að fjármagna ferðir.	Forstöðumen n og deildastjóri	Sept 2022	Sept 2023	Mæting og þátttaka fjölbreyttra hópa.	Að öll sem hafa áhuga geti tekið þátt.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Þróunarstyrkir A hluta er fast fjármagn sem að frístundamiðstöðvum er úthlutað á hverju ári og eru nýtt í fjölmörg skemmtileg og skapandi verkefni inn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Í ár má til dæmis nefna útvistarklúbb, Kýlum á það og tónlistarklúbb

Þróunarstyrkir B hluta eru samstarfsverkefni sem sótt eru um á hverju ári. Frístundamiðstöðin Miðberg, skóla- og frístundaþjónusta Breiðholts, grunnskólar í Breiðholti, Suðurmiðstöð og Keðjan voru með B-hluta verkefnið SENTER á starfsárinu 2021 - 2022 en SENTER er miðlægt viðbragð við áhættuhegðun barna og unglunga í Breiðholti. Úrræðið er samvinnuverkefni lykilstofnana í hverfinu sem bregst hratt við áhættuhegðun og hegðunarvanda. Teymi er myndað utan um hvert mál fyrir sig, með ábyrgðaraðila frá grunnskóla, Suðurmiðstöð og frístundamiðstöð. Einnig er önnur sérfræðiþekking kölluð inn í teymið í þeim málum sem við á. SENTER byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun þar sem lagt er upp með persónulegan stuðning við barn eða ungling með virkri þátttöku þess í lausn vandans. SENTER hefur komið að yfir 10 málum í fjórum af fimm grunnskólum Breiðholts. SENTER hefur sannað sig sem mikilvægt úrræði í hverfinu og hefur samstarf hagsmunaaðila verið gott. Starfsemi SENTER heldur áfram á starfsárinu 2022-2023. Verkefnið hefur eflt aðgengi og samstarf starfsmanna Suðurmiðstöðvar og Miðbergs.

Önnur samstarfsverkefni:

Íþróttahópur fyrir unglunga sem vilja æfa/leika sér.

Opnanir fyrir félagsmiðstöðvar í íþróttahúsum hverfisins.

Opið fyrir 16-25 ára í mótun í samvinnu við Hitt húsið og börn og unglunga af erlendum uppruna.

Stýrihópur um mótun aðgerða í lýðheilsu í Breiðholti.

Samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva í hverfinu við grunnskóla og leikskóla eru í stöðugri þróun. Með tilkomu BBB eru forstöðumenn Miðbergs með aðstöðu að hluta til inni í skólum til að styrkja samstarfsfleti milli fagaðila, velferðar- og skóla- og frístundasviðs sem koma að málefnum barna. Samstarfið verður mögulega raunhæft með tilkomu farsældarlaga barna.

Mannréttindastefna

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar. Forstöðumenn á starfstöðunum bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmönnum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þau geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun veturinn: 2022-2023

Launajafnrétti

Öllum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun allra kynja skulu ákveðin á sama hátt

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öllum kynjum skulu vera greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.	Öllum starfsmönnum standi til boða að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Framkvæmdarstjóri	Allt árið. Gerð skal úttekt á haustin og vorin

Auglýsingar, ráðningar og endurmenntun

Laus störf skulu standa jafnt öllum kynjum til boða. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Allt starfsfólk hafi jafnt aðgengi að endurmenntun og starfspjálfun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi öllum kynjum til boða	Tryggja þarf fjölbreytni kynja við ráðningar .	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Alltaf við ráðningar

Allt starfsfólk sem vinnur sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþróun og endurmenntun.

Allt starfsfólk hafi sömu möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar.

Framkvæmdastjóri og deildarstjórar

Við gerð símenntunar áætlunar, við fastráðningar og tímabundnar ráðningar.

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Miðberg leggur áherslu á samræmi vinnu og einkalífs.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að Miðberg veiti starfsfólki sveigjanleika til þess að sinna einka- og fjölskyldulífi samhliða starfi.	Starfsfólk geti unnið sveigjanlega vinnutíma þegar því er við komið.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar.	Allt árið
Að foreldrar af öllum kynjum taki fæðingarorlof og sinni börnum í veikindum.	Starfsfólki kynnt réttindi sín og hvatt til þess að nýta þau.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið

Einelti og kynferðisleg áreitni

Einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðin Miðbergi. Þjónustuþegar og starfsfólk eiga að tilkynna um slíka hegðun og tafarlaust skal gripið til aðgerða ef tilkynningar berast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að þjónustuþegar og starfsfólk verði fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir einelti og kynferðislegri áreitni í starfi Miðbergs og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

Þjónustuhlutverk

Öll börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Miðbergs. Allt starfsfólk Miðbergs ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi barna að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til allra barna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla um jafnréttismál gegnum Regnbogavottun verði inn í fræðsluáætlun Miðbergs.	Framkvæmdstjóri og deildarstjórar	Haust/vor

Börn fá fræðslu um jafnréttismál	Starfstaðir bjóði upp á fræðslu um jafnréttismál. Starfsmenn taki umræðu um jafnréttismál með börnum og unglíngum.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Haust/Allt árið
Að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsfólk gefi börnum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur af, áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði jafnt til allra kynja	Greining á innihaldi og markmiði opin starfs og klúbbstarfs með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á annað kynið.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Haustin